

Truenorth Ísland ehf.
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



Mývatni 7. desember 2015
UST201511-140/D.O.H.
09.06.01

Efni: Leyfi til kvikmyndatöku - Mývatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Þórs Kjartanssonar f.h. True north, dags. 18. nóvember 2015, vegna leyfis til kvikmyndatöku á ís á Mývatni. Um er að ræða erlenda kvikmynd þar sem bílar eru myndaðir við akstur á ís.

Mývatn og Laxá eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Í reglugerð um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012 skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna rannsókna, ljósmyndunar og kvikmyndatöku á verndarsvæðinu og ber Umhverfisstofnun að leita umsagnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Lýsing framkvæmdar:

Kvikmyndatökurnar sem um ræðir munu fara fram í mars 2016 á ísilögðu vatni á Álfavoginu í Syðriflóa Mývatns. Gert er ráð fyrir að um 100 manns komi að verkefninu og verður sett upp tjald fyrir starfsmenn á bílastæði við gömlu sundlaugina í Álfagerði. Gert er ráð fyrir að 3-4 fólksbílar verði á ísnum í einu auk jeppa sem ferja mannskap til og frá tökustað en öðrum bílum verður lagt í landi. Mögulegt er að stillt verði upp jökum úr frauðplasti á tökustað og þeir fjarlægðir að tökum loknum.

Komi til kvikmyndunar úr lofti verður notast við þyrlu og flogið í löglegri flughæð.

Áhrifamat:

Leitað var umsagna Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem gerðu ekki athugasemdir við verkefnið að því gefnu að farið verði að skilyrðum um góða umgengni.

Umhverfisstofnun telur, m.a. með tilliti til fengina umsagna, að kvikmyndatakan komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða landslag enda verði þess gætt að raska hvorki landi né dýralífi.

Skilyrði

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir kvikmyndatökum við Álfavog í Mývatni í mars 2016 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tökur hefst og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.

- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill nema á frosinni, snævi þakinni jörð. Að sama skapi er óheimilt er að leggja bílum utan vega.
- Afmá skal öll ummerki um kvíkmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt. Sérstaklega skal þess gætt að frauðplast verði ekki eftir í náttúrunni að loknum tökum.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal starfsfólki á staðnum þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.900 kr/klst.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tökununum og skv. umsókn vinnur framkvæmdaaðili að því að afla leyfa landeigenda.

Virðingarfullst

Davíð Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur

Sigrún Agústs Þórssdóttir
Sviðsstjóri